

### 3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlód eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

### 4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

### 5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símsstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

## XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. desember 1985. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. desember 1985 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 253 26. júní 1985.

*Samgönguráðuneytið, 19. nóvember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 321 frá 8. júlí 1975 um  
gatnagerðargjöld í Neskaupstað.**

### 1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig að 40% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum afborgunum á næstu 3 árum.

Gjalddagi afborgana og vaxta er 1. júlí. Vextir skulu vera í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt, eftir ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma.

Heimilt er bæjarstjórn að fresta álagningu gatnagerðargjalds á fasteignir þeirra, sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra, sem eiga við langvarandi sjúkdóma og örorku að stríða. Verði húseign, sem frestað hefur verið álagningu gatnagerðargjalds á, seld, skal bæjarstjórn heimilt að leggja gjaldið á að nýju eins og það var þegar álagning fór fram, að viðbætti

hækkun vísitölu byggingarkostnaðar. Við sölu staðgreiðist gjaldið. Þinglýsa skal þeirri kvöð á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1985.*

F.h.r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Líndal.*

## REGLUGERÐ

### um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl.

1. gr.

#### **Ferðabúnaður og annar farangur.**

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 5 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 1 250 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslið 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 1 250 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 3 750 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 5 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 1 250 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ. m. t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlandis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlandis. Magn matvæla (þ. m. t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má að hámarki nema 10 kg að þyngd, en andvirði þess má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 2 500 kr. Magn eldsneytis má að hámarki vera 200 l. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er óheimill.

2. gr.

#### **Áfengir drykkir og tóbaksvörur**

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengum drykkjum og tóbaksvörum: